

## Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði þriðjudaginn 14. janúar 2014 og hófst kl 16:00.

**Mættir eru:** Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Hildur Stefánsdóttir, María Guðmundsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá:

#### 1. Kynning á starfsemi í grunnskólanum á Bakkafirði

María kynnti opnu vinnustofurnar á Bakkafirði. Þessar vinnustofur þurftu talsverðan undirbúning en reynslan af þeim er góð að mati Maríu. Í vinnustofuna eru notaðir tímar úr náttúrufræði, samfélagsfræði og listum. María fór yfir hvernig vinnustofurnar eru uppbyggðar og hvaða gildi er stuðst við. Ítarleg og góð kynning sem gefur góða mynd af þessu flotta sköpunarstarfi.

#### 2. Skýrsla skólastjóra GBF

María hefur talað við Ásdísi um að krakkarnir á Bakkafirði fái að fara með krökkunum á Þórshöfn á Samfés. Þau eru að byrja að undirbúa það með fjáröflun.

Á miðvikudögum er farið með krakkana á Þórshöfn. Verið að breyta skipulaginu þessa daga og verið að blanda krökkunum meira.

#### 3. Skýrsla skólastjóra Barnabóls.

Leikskólinn er að komast í gang eftir jólafrí.

Starfsmannamál rædd.

Biðlistinn á leikskólanum ræddur. Í dag eru 10 börn á biðlista.

#### 4. Skýrsla skólastjóra GP.

- Siggeir las yfir skýrslu Ingveldar sem hún sendi í tölvupósti.
- Ráðning leiðbeinanda tímabundið. Ingveldur kynnti að ein umsókn hefði borist um stöðuna og lagði fram ferilskrá. Ingveldur var búin að setja niður punkta um þann sem sótti um
- Siggeir bar undir fundinn eftirfarandi tillögu: Þeir sem samþykkja að mæla með ráðningu á Elínu Finnbogadóttur sem leiðbeinanda í 60-70% starf við grunnskólann á Þórshöfn. Samþykkt samhljóða.
- Ingveldur kynnti breytingu á kennslu á unglíngastigi og hugmyndir í þeim efnum.
- Brýnt að lagfæra kennslustofur á unglíngastigi. Þetta verður unnið í janúar og febrúar að því gefnu að sveitastjórn samþykki verkáætlun og kostnað.
- Búið að taka sófana út úr kennslustofunum og voru þeir það illa farnir að þeim var
- hent.
- Ingveldur fer að huga að starfsmannamálum fyrir næsta vetur.
- *Greiningartækni til að skoða kennsluhætti vinnulag og aðstöðu verðu beitt í janúar og skýrslu vegna þess skilað til fræðslunefndar eigi síðar en í lok janúar.*
- Vinna við skólanámskrá er í gangi en Ingvar kemur í þá vinnu 22. janúar n.k.

## 5. Tónlistarskóli

Dagskrárlíð frestað þar til síðar.

Komið inn á að skilaboð vegna tónlistanáms frá Kadri rata ekki til þeirra nemenda sem eru á Bakkafirði og á Svalbarði.

## 6. Framhaldsdeild

- Hildur fór yfir starf framhaldsdeildarinnar síðustu misseri.
- Það fjölgaði um 2 nemendur í framhaldsdeildinni nú eftir áramót og þau verða þá 6 þessa önnina.
- Dreifbýlisstyrkurinn er í uppnámi og þarf að skoða betur.
- Hildur mun halda kynningu fyrir foreldra 10. bekkjar á Þórshöfn í næstu viku.
- Hildur kynnti Comeniusarverkefnið sem er skólasamstarfsverkefni 8 landa næstu tvö árin. Stórt verkefni sem er jákvætt fyrir skólastarfið. Gott að hafa verkefnið, virkjar hvetjandi á krakkana í skólanum.
- Nemendurnir sem voru á haustönn eru að fara til Kanarí núna í febrúar á vegum Comeniusarverkefnisins. Hildur fer með þeim. Hildur kynnti ferðaplanið í stórum dráttum. Þetta er 9 daga ferðalag.
- Tónkvísl á Laugum í mars.
- Vetrarfrí 6.-7. mars.
- Möguleiki á verkfalli framhaldsskólakennara.
- Skoðað var í haust að nemendur frá Raufarhöfn kæmu hingað í Laugadeildina nk vetur. Norðurþing er að skoða að opna frekar deild á Raufarhöfn fyrir krakka þar.
- Stefnt að því að tryggja gott samstarf þar á milli.
- Styrkur fékkst til að þróa verklegt nám í Menntasetrinu og er það samstarfverkefni Laugadeildar og Þekkingarnets Þingeyinga. Búið að funda með VMA og gera grunnsamninga við nokkra aðila á Þórshöfn um að verða starfsfóstrar á Þórshöfn. Spennandi verkefni sem eykur verulega möguleika á að hefja iðnmenntun í heimabyggð.

## 7. Verkefni í gangi með Ingvari Sigurgeirssyni.

Í næstu viku ætlar Ingvar Sigurgeirsson að koma og funda og í framhaldinu af því að skila skólastefnunni af sér.

## 8. Skólaskýrslan 2013. <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/frettir---skolamal/nr/1840>

Siggeir benti á að hægt er að nálgast þessa skýrslu á netinu og þarna eru margar góðar og ganglegar upplýsingar

## 9. Skýrslur um skólaping sveitarfélaga 2013.

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/frettir---skolamal/nr/1862>

Siggeir benti á að inn á þessari vefslóð eru margar gagnlegar upplýsingar og hvatti nefndarmenn að skoða þessar upplýsingar.

**Fleira ekki gert**

**Fundi slitið kl 18:42**